



Efnainnihald vatnssýna úr borholu við
Sjóeldi hf í Höfnum

Hrefna Kristmannsdóttir

Greinargerð HK-85-09

EFNAINNIHALD VATNSSÝNA ÚR BORHOLU VIÐ SJÓELDI H/F Í HÖFNUM

Þann 29. mars 1985 voru tekin djúpsýni úr nýrri borholu við N-vegg fiskeldisstöðvarinnar Sjóeldi h/f í Höfnum. Tekin voru sýni á 9 m, 25 m og 39 m dýpi.

Niðurstöður efnagreininga sýnanna eru í meðfylgjandi töflu. Til samanburðar er sýnd efnasamsetning grunnsjávar í Faxaflóa.

	Dýpi m	Númer sýnis	Hiti °C	Viðnám	pH/°C
Hafnir	9	85112	4,0	1,7	7,25/21
-"-	25	85113	5,8	0,6	7,92/21
-"-	39	85114	5,3	0,6	7,95/20
Faxaflói	3	84028	10,2	0,2	8,19/22

Styrkur uppleystra efna í mg/kg

SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	Cl	F	Fe	0/00 selta	02
12,9	1056,4	45,0	52,0	124,4	31,6	253,0	1941,2	0,13	<0,1	3,5	3,5
8,0	8421,7	349,1	331,8	1037,6	83,5	2048,6	15255,0	0,46	≈0,1	27,6	2
6,7	9698,2	404,2	380,8	1184,1	96,7	2387,7	17852,0	0,52	≈0,1	32,3	2
	9692,0	438,1	407,0	1302,0	101,2	2790,0	19450,0	0,57		35,1	(6,4)*

* mettnargildi, ekki mælt

Eins og sést af töflunni er vatnið ekki fullsalt, mest 32 0/00 selta. Vatnið er verulega undirmettað af súrefni miðað við hitastig og seltu, eins og búast má við í grunnvatni. Járnstyrkur er svo lágur að ekki er fyrirsjáanlegt að útfellingar járnöxyðs verði í vatninu.